

**108. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
24. júlí 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Kristjana H. Ólafsdóttir varamaður, Arndís Ósk Valdimarsdóttir og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. **1907052 - Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 4.-5. september 2019**
Landsfundur um Jafnréttismál sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
2. **1906161 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar**
Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar.
Velferðar- og mannréttindaráð lýsir ánægju sinni með drög að Jafnréttisáætlun og vísar henni til umfjöllunar í bæjarráði.
3. **1903222 - Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar**
Samningur um félagsþjónustu, barnavernd og málefni fatlaðra milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar.
Lagt fram til kynningar.
4. **1802398 - Holtsflöt 9 - uppsögn á leigusamningi**
Holtsflöt 9 - uppsögn á leigusamningi.
Velferðar- og mannréttindaráð lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála vegna uppsagna á leigusamningum allra íbúa í búsetunni að Holtsflöt 9.
5. **1907053 - Höfði - reglur um dagdvöl**
Höfði - reglur um dagdvöl.
*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir yfir ánægju með að fyrir liggi reglur um dagdvöl á Höfða.
Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri heimaþjónustu sat fundinn undir þessum lið.*
6. **1904230 - Dalbraut 4 - hönnun þjónusturýmis aldraðra.**
Dalbraut 4 - hönnun þjónusturýmis aldraðra.
*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir yfir ánægju með framlagða teikningu.
Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri heimaþjónustu sat fundinn undir þessum lið.*
7. **1904148 - Ferðaþjónusta fatlaðra og aldraðra**
Á fundi Bæjarráðs þann 11.07. 2019 var tekið fyrir erindi frá Höfða, þar sem

óskað er eftir að endurskoðun fari fram á núverandi samning við bæjarfélagið um akstursþjónustu. Bæjarráð ákvað að vísa erindinu til Velferðar - og mannréttindaráðs.

Að sögn framkvæmdastjóra Höfða þá er framkvæmd akstursþjónustunnar ekki í samræmi við upphaflegan samning. Í þeim samningi kemur fram að báðir bílarnir eigi að nýtast fyrir allan akstur á vegum bæjarfélagsins og á vegum Höfða. Reyndin hefur þó orðið sú að notkun bifreiðanna er algerlega aðskilin.

Velferðar- og mannréttindaráð felur verkefnastjóra heimaþjónustu og sviðsstjóra að endurskoða núverandi samning og framkvæmd akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra á Akranesi í samstarfi við framkvæmdastjóra Höfða.

Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri heimaþjónustu sat fundinn undir þessum lið.

8. 1907064 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

9. 1907095 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

10. 1811060 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Heiður Jón. Jóhannsdóttir
Ásýranna Helga Ólafsdóttir
Anna Þóra Þorgilsdóttir
Sveinbjörg Keisþórsdóttir
Amundís Þósk Valdimarsdóttir